

Bæjarráð Garðabæjar,
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Málefni: Beiðni um deiliskipulagsbreytingu fyrir Kaupún 1 í Garðabæ

RIF 1 ehf Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, kt 480615-2630 hefur fest kaup á fasteigninni við Kaupún 1 í Garðabæ. Þörf er á því að stækka húsið miðað við framtíðarnýtingu fyrirtækisins.

Lögð er fram beiðni til bæjarráðs Garðabæjar f.h. RIF 1 ehf til þess að breyta deiliskipulagi fyrir lóðina og koma inn á þá undirbúnings – og deiliskipulagsvinnu sem þegar er í gangi vegna Costco og fl. m.a vegna þess að sameiginleg aðkoma er að vörumóttökum beggja.

ARKÍS arkitektar vinna að því með eigendum RIF 1 ehf að skilgreina betur þarfir fyrir framtíðarnýtingu, bæði stækkun hússins, lóðarstækkun og fjölgun bílastæða. Einnig verður þörf á því að hækka þann hluta byggingar sem byggður yrði inn í landið til austurs og setja í þann hluta milligólf.

Heildarstærð byggingar, fjöldi bílastæða, hæð byggingar og tillaga að stækkun lóðar liggja ekki endanlega fyrir á þessari stundu. Gögn með þessum upplýsingum verða send til Garðabæjar eins fljótt og auðið er vegna skipulagslýsingar sem verið er að vinna .

Allar nánari upplýsingar vegna málsins gefur undirritaður.

Reykjavík 10.07.2015

Með kveðju f.h. RIF 1 ehf,



Egill Guðmundsson arkitekt.

